



1. kafli

- Drífa sig!
- Halló! Hver er inni á baði?
- Við erum að verða of sein.
- Er ekki Hrafnhildur örugglega vöknud?

Frammi var allt greinilega komið á fullt. Tvíbúrasystur mínar sem venjulega eiga mjög erfitt með að vakna á morgnana voru komnar á fætur og voru auðvitað mjög spenntar. Mjög fínt klædd og í hælaskóm, vakti mamma mig hlýlega með sterkri ilmvatnslykt. Hún var sérfræðingur í að gera sig skvísulega á stuttum tíma, enda var hún flugfreyja. Ég lá uppi í rúmi og spáði í það hvort ég ætti að stinga af. En ég þorði það ekki þótt verið væri að pína mig til að flytja frá Íslandi. Frá vinum mínum, fjölskyldu og verst af öllu, þabba líka.

Ég vildi að ég væri orðin átján ára og mætti ráða mér sjálf í stað þess að vera ennþá fjórtán ára krakki.

Þegar ég settist upp í rúminu stakk ég hvítum fótleggjunum í gallabuxur, fór í hlýraból, svarta hettupeysu og í lopapeysuna sem amma þrjónaði á mig. Peysan er flöskugræn með fallegu mynstri í mörgum litum og ég er svakalega ánægð með hana. Hún er síð og víð því þannig vildi ég hafa hana. Ermarnar ná langt fram yfir fingurna.

Ég lagðist aftur upp í rúm í öllum fötunum og kúrði undir hlýrri sænginni. Greip símann, kíkti á snappið þar sem ekkert var að gerast og fór að skoða myndir. Ég horfði lengi á mynd sem Linda besta vinkona mín tók af okkur þabba á fjallinu Móskaðshnjúkum fyrr í sumar. Á myndinni er þabbi að setja á mig húfuna sína blíður á svipinn. Þetta var eftir að mamma sagði honum frá hugmyndinni um flutningana og ég veit að hann varð mjög leiður þótt hann reyndi að láta það ekki sjást. Þabbi dró mig eiginlega upp á topp. Þegar ég var alveg að gefast upp sagði hann:

— Hrafnhildur mín, svona er nú stundum lífið. Maður leggur bjartsýnn af stað og heldur að þetta verði auðvelt. En svo kemur annað í ljós og þá þarf maður að vera sterkur til að ná markmiðum sínum. Harkaðu nú af þér, lambið mitt!

Ég sá lítið tár við auga hans og beygði mig eftir hjartalaga steini sem ég gaf honum.

Nú opnaði mamma dyrnar.

- Á ég að trúa því að þú sért ennþá uppi í rúmi, Hrafnhildur? Viltu gjöra svo vel að drífa þig ef þú ætlar með.
- Ég ætla ekki með.
- Nei, nú hættirðu! Vertu ekki með stæla og komdu þér af stað.



Akam, ég og Annika

Ég ætti eftir að sakna Lindu ofsalega mikið. Hún er svo skemmtileg og það er yndislegt að hlæja með henni. Það er erfitt að finna klárari og pottþéttari manneskju. Svo er hún líka ótrúlega dugleg.

Ég er ekki þannig. Ég er ekki sérlega góð í neinu. Eiginlega er ég ömurlega venjuleg.

Ég er ekki góð í íþróttum og hef yfirleitt ekki gaman af þeim. Og ég fæ ekki góðar einkunnir. Ég er reyndar ágæt í ensku og dönsku og mjög góð í íslensku en er það merkilegt? Ég les mikið og tala víst oft eins og mjög gömul manneskja. Ömmu Habbý finnst ég samt klár og hún spyr alltaf eftir prófin:

— Og hvað fékkstu svo á íslenskuprófinu?

Þegar ég segi A þá lætur hún eins og ég hafi skorað sigurmark íslenska landsliðsins í mikilvægum úrslitaleik og segir:

—Eigum við ekki að kíkja í bæinn og fagna þessu?

— Þessi stóð sig mjög vel á íslenskuprófi, segir hún við alla sem við hittum í bænum.

Í bókabúðinni kaupir hún svo handa mér eina eða tvær bækur.

Einu sinni lét hún afgreiðslukonuna taka plastið af bókinni svo hún gæti áritað 1 hana. Það var mjög vandræðalegt.

— Og hér skrifa ég: „Til dótturdóttur minnar, Hrafnhildar, fyrir mjög góðan árangur í íslensku.“

Svo leit hún stolt á alla sem stóðu í biðröðinni. Ég flýtti mér út og var ótrúlega fegin að þekkja ekki neinn í búðinni. Verst hefði verið að hitta einhvern úr skólanum. Stundum langar mig alls ekki að eiga fjölskyldu.

1 Að árita bók er að handskrifa persónulega kveðju í hana.

Þótt pabbi yrði leiður yfir flutningunum, fékk hann samt engu að ráða. Mamma sagði honum bara að við værum að flytja. Þegar ég var yngri töluðu mamma og pabbi oft saman en eftir að ég varð eldri senda þau bara skilaboð á milli sín.

Mér finnst það erfitt. Sérstaklega þegar mamma spyr mig um pabba. Er pabbi þinn að spá í að sækja um betri vinnu? Er pabbi þinn með einhverja kærustu núna? Ertu búin að biðja hann um að kaupa á þig úlpu? Þegar ég var orðin mjög þreytt á þessu, sagði ég henni að ef hún hefði ennþá svona mikinn áhuga á honum, þá ætti hún bara hringja í hann og spyrja hann sjálf. Þá hætti hún að spyrja.

Það sem mér fannst mjög sárt var að pabbi mótmælti þessu ekki. Mig langaði að verða eftir hjá honum en það var aldrei möguleiki. Ég hlustaði einu sinni á símtal milli þeirra þar sem þau fóru að rífast. Mamma æsti sig.

— Viltu ekki að Hrafnhildi líði vel? Af hverju ertu svona rosalega eigingjarn og alltaf uppi á fjöllum að hugsa um sjálfan þig. Þú hefur aldrei almennilega haft tíma til að sinna henni.

Ég hef oft hótað mömmu að verða eftir hjá pabba. Það hefur komið rosalega illa við hana og hún gagnrýnir þá pabba fyrir hitt og þetta. Við mamma endum þá með að fara að rífast. Sannleikurinn er að ég hef aldrei þorað að nefna þetta í alvöru við pabba og hann hefur forðast að ræða flutningana við mig. Á endanum ákváðu þau að ég yrði úti í



Akam, ég og Annika
eitt ár og svo myndu þau taka stöðuna aftur. 2

ÍSANBB05 Haust 22

Inni á baði leit ég í spegil. Rauð augu og bólgið andlit mættu mér. Allt þetta rauða krullaða hár sem ég fékk frá honum pabba mínum stóð í allar áttir svo andlitið sýndist enn minna en það er í raun og veru. Stundum kallaði pabbi þetta hár eldgos. Ég varð að hætta að vorkenna mér. Ég varð aðeins skárri eftir að ég lagði kaldan þvottapoka yfir augun, setti á mig maskara og augnblyant og tók hárið upp í snúð. Varð líkari sjálfri mér, rauðar freknur, græn augu. Ég reyndi að brosa.
Dagurinn, sem ég hafði kviðið fyrir í margar vikur var runninn upp.

2 Að taka stöðuna aftur er að tala aftur saman um hlutina og endurmeta ákvörðunina.